

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Auður L. Arnþórsdóttir	Dagsetning:	12. júní 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:00

Pátttakendur: Auður L. Arnþórsdóttir (starfandi yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýrverndarsamband Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hilmar Vilberg Guðjónsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralæknir hrossasjúkdóma).

Dagskrá

1. Fundargerð frá 15. maí 2024.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Hreindýraveiðar, erindi frá Ole Anton/Jarðarvinum.

Bjarni Jónasson, Jóhann G. Gunnarsson og Gunnhildur Sif Oddsdóttir starfsmenn Umhverfisstofnunar komu á fund fagráðsins til að ræða sjónarmið stofnunarinnar varðandi veiðar á kálfum frá mjólkandi kúm.

Í máli fulltrúa Umhverfisstofnunar kom fram að við ákvarðanir um fyrirkomulag veiða væri byggt á rannsóknum, fyrirbyggjandi gögnum og mati Náttúrustofu Austurlands. Veiðar séu m.a. stundaðar í þeim tilgangi að viðhalda eðlilegri stofnstærð og veiðar væru æskilegar. Í máli ftr. stofnunarinnar kom fram að ekki hafi komið fram nein gögn sem mæli með því að veiðitímabili eða núverandi fyrirkomulagi veiðanna verði breytt. Að mati ftr. stofnunarinnar er ekki þörf á að bregðast við og gera breytingar að svo stöddu. Þá vísuðu ftr. stofnunarinnar að allar breytingar á fyrirkomulagi veiðanna væru teknar af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

3. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- Evaluation of heart rate and lactate kinetics after a 250 m pace race in Icelandic horses for determination of the pause length between two pace race runs. /Exercise-induced changes in blood/plasma lactate concentration and heart rate after a 250 m simulated pace racing in Icelandic horses.**

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Anna Berg Samúelsdóttir óskaði eftir að bókað yrði að áhrif rannsóknarinnar séu ekki væg í öllum atriðum.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

4. Blóðmerahald

Charlotta Oddsdóttir kom á fund fagráðsins til að kynna skýrslu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum – Áhrif vikulegrar blóðsöfnunar á blóðhag hjá hryssum (skýrsla til matvælaráðuneytis).

Málinu frestað til haustsins.

5. Yfirferð og samþykkt fundargerðar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 18. september 2024 kl. 13.00.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt af hálfu fundarmanna.